



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 13. október 2022

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 133. mál

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkominni tillögu um skipun starfshóps um útfærslu skattalegra hvata til launagreiðanda, hvort sem er á opinberum eða almennum markaði vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks.

Öryggi og stöðugleiki í umhverfi keppnis- og afreksíþróttafólks eru mikilvægir þættir og öll skref í áttina að auknu öryggi í tekjuöflun þessa hóps eru dýrmæt.

Með skattalegum hvötum til launagreiðanda má ætla að keppnis- og afreksíþróttafólkið okkar muni eiga auðveldara með að semja við vinnuveitendur um nauðsynlegan sveigjanleika varðandi æfingar og keppni á vinnutíma. Slíkt fyrirkomulag myndi án efa fækka áhyggjuvaldandi þáttum í daglegu lífi íþróttafólksins og þannig hjálpa því að ná betra jafnvægi og betri árangri, bæði í starfi og á íþróttasviðinu.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands býður fram krafta sína við frekari útfærslu á verkefninu og óskar eftir því að haft verði samráð við sambandið í þeirri vinnu.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 13. október 2022

Efni: Umsögn KSÍ. Tillaga til þingsályktunar um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 133. mál

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) vill koma að eftirfarandi athugasemdum vegna framkominnar tillögu um skipun starfshóps um útfærslu skattalegra hvata til launagreiðanda, hvort sem er á opinberum eða almennum markaði vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks, 133. mál.

KSÍ tekur heilshugar undir þau markmið að keppnis- og afreksíþróttafólk fái greidd laun að hluta eða að fullu frá launagreiðanda þegar það þarf að mæta á æfingar eða íþróttamót og launagreiðandi fái skattaávilnun á móti. Þannig verði skapaður hvati með skattkerfinu fyrir fyrirtæki til þess að ráða til starfa hjá sér keppnis- og afreksíþróttafólk.

Tekið er undir sjónarmið í umsögn ÍSÍ um sömu þingsályktunartillögu að það fyrirkomulag sem lagt er til myndi án efa fækka áhyggjuvaldandi þáttum í daglegu lífi íþróttafólks og þannig hjálpa því að ná betra jafnvægi og betri árangri, bæði í starfi og á íþróttasviðinu.

Virðingarfyllst f.h. KSÍ,



Klara Bjartmarz
Framkvæmdastjóri KSÍ

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2022

Efni: Umsögn SSÍ um tillögu til þingsályktunar um skattalega hvata vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks.

Hinn 16. september sl. var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skattalega hvata fyrir launagreiðendur vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks. Málinu var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar 22. september 2022. SSÍ fékk umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd og var frestur til að skila umsögn veittur til 13. október 2022.

Með tillögunni er lagt til að mennta- og barnamálaráðherra í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðherra skipi starfshóp til að útfæra skattalega hvata til launagreiðanda hvort sem er á opinberum eða almennum vinnumarkaði vegna launa keppnis- og afreksíþróttafólks. Markmiðið er að keppnis- og afreksíþróttafólk fái greidd laun að hluta eða að fullu frá launagreiðanda þegar það þarf að mæta á æfingar eða íþróttamót og launagreiðandi fái skattaávilnun á móti greiddum launum.

Í yfirlýsingu frá afreksíþróttafólki á Íslandi sem afhent var mennta-, menningar- og íþróttamálaráðherra í desember 2019 kemur fram að „Eftir íþróttuferilinn stendur margt íslenskt afreksíþróttafólk uppi með skuldir á bakinu og réttindalaust. Afreksíþróttafólk hefur ekki lífeyrisréttindi, stéttarfélagasáild, atvinnuleysisbætur, aðgengi að sjúkra- og starfsmenntasjóði, né réttindi til fæðingarorlofs svo eitthvað sé nefnt.“

Málefnið er ekki nýtt en með yfirlýsingu afreksíþróttafólks hafa launa – og réttindamál íslensks afreksíþróttafólks verið tekin formlega til umfjöllunar á alþingi. SSÍ fagnar vaxandi áhuga ráðherra og alþingismanna á fjárhagslegum grundvelli afreksíþróttafólks en leggur áherslu á mikilvægi þess að unnið verði náð með sérsamböndum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Í stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum frá árinu 2019 er fjallað mjög almennt um stefnu og markmið þegar kemur að afreksfólki í íþróttum en áhersla lögð á hlutverk Afrekssjóð ÍSÍ til að styðja við afreksíþróttafólk og auka gæði sérsambanda. Stuðningur frá Afrekssjóði ÍSÍ hefur sannarlega skipt sköpun þegar kemur að bættri umgjörð og stuðningi við afreksíþróttafólk. En betur má ef duga skal.

Styrkjum úr Afrekssjóði er ætlað að greiða beinan kostnað íþróttafólksins vegna þátttöku á alþjóðlegum mótum erlendis en annan framfærslukostnað þarf þá að fjármagna með öðrum hætti. Þrátt fyrir að styrkir séu ekki skilgreindir sem laun er þekkt að afreksíþróttafólk hafi fengið hluta af styrkveitingu í formi launa þó þannig að launin væru innan skattleysismarka. Það var gert til að viðkomandi íþróttamaður hefði tækifæri til að ávinna sér inn ýmis launatengd réttindi til að styrkja fjárhagslegan grundvöll íþróttafólks til skemmri og lengri tíma. SSÍ veltir fyrir sér hvort ekki sé vænlegri kostur að vinna að framgangi tillagna frá árinu 2020 um heildstæða stefnu afreksfólks í íþróttum og tillögu um launasjóð afreksíþróttafólks sem lögð var fram árið 2021 og send til ríkisstjórnar og styðja þannig beint við lífsafkomu afreksfólks. Í stað þess að horfa til skattaávilnana fyrirtækja eins og gert er í ofangreindir þingsályktunartillögu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks þar sem m.a. verði litið til eflingar Afreksíþróttasjóðs. Í fjármálaáætlun 2023 -2027 kemur fram að markmið stjórnvalda sé að Ísland skipi sér í fremstu röð á sviði íþróttar. Í áætluninni kemur fram að samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2020 eru heildarútgjöld til

menningar, lista, íþrótt- og æskulýðsmála 19,9 milljarðar kr. Þar af námu útgjöld til íþrótt- og æskulýðsmála rúmum 2 milljörðum kr. og í fjárlögum fyrir árið 2022 eru þau 1,3 milljarður eða mun lægri. SSÍ telur að framlög til málaflokksins endurspegli þannig ekki framtíðarsýn stjórnvalda.

SSÍ væntir þess að náið samráð verði haft við íþróttahreyfinguna í heild sinni við útfærslu á öllum tillögum er varðar keppnis- og afreksíþróttafólk.

F.h stjórnar SSÍ

Ingibjörg Helga Arnardóttir, framkvæmdastjóri SSÍ

